

# Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: reglur

## I. Markmið

Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir og rannsóknatengda starfsemi innan Hugvísindasviðs með styrkveitingum. Sjóðurinn er fjármagnaður með hluta af þeirri fjárveitingu sem Hugvísindastofnun fær frá Hugvísindasviði.

## II. Umsóknarfrestur, úthlutun og ráðstöfun

Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. apríl (umsóknarfrestur til 1. apríl) og 15. desember (umsóknarfrestur 1. desember).

Umsóknir eru metnar af stjórn Hugvísindastofnunar, eða starfsmönnum og stjórnarformanni í umboði hennar. Leitast er við að styrkja sem flest verkefni sem uppfylla skilyrði sjóðsins, en fjöldi styrkja og upphæðir ráðast þó af fjárhagsstöðu sjóðsins.

Styrkur er lagður inn á viðkomandi viðfangsnúmer innan Hugvísindasviðs. Styrkir eru að jafnaði greiddir þegar kostnaður liggur fyrir.

## III. Sjóðurinn veitir styrki:

- til ráðstefnuhalds,
- til ýmissa viðburða sem ekki falla undir 1. lið,
- vegna erlendra boðsgesta,
- til útgáfu á vegum stofnana,
- upp í kostnað við þýðingu eða til málfarslegrar aðstoðar vegna birtingar vísindagreina.

## Nánar um styrki

### 1. Styrkir til ráðstefnuhalds

*Stofnanir og stofur sviðsins geta sótt um þessa styrki, einnig deildir og greinar en eindregið er hvatt til samstarfs við rannsóknastofnanir og -stofur sviðsins.*

Viðmiðunarreglur:

- Ráðstefnan skal vera opin (með eða án skráningar) og auglýst með góðum fyrirvara á viðeigandi vettvangi (póstlistum og/eða vefsíðum). Hún skal haldin á vegum Hugvísindasviðs eða stofnunar/stofu/deildar/greinar innan Hugvísindasviðs og skal það koma skýrt fram í kynningum allra styrktra ráðstefna. Ráðstefnuhaldið getur verið í samvinnu við aðra en unnið skal að undirbúningi og framkvæmd innan sviðsins að einhverju marki. Dagskrá skal að lágmarki vera 2,5 klukkustundir (3-4 erindi) og að jafnaði er skilyrði að fastir starfsmenn sviðsins, nýdóttorar eða doktorsnemar sem eru virkir í námi haldi erindi (undanþága er einkum möguleg fyrir ráðstefnur á sviði þverfaglegu stofnananna).
  - Styrkur er byggður á ráðstefnukostnaði skv. eftirfarandi viðmiðunum:
    - Undirbúningskostnaður á hvern skráðan þátttakanda 2500 kr., en ef ekki er skráning 1000 kr. á þátttakanda.
    - Kostnaður vegna boðsfyrirlesara, húsnæðis og veitinga, aðstoðar á ráðstefnunni eða annars sem fella má undir grunnkostnað við ráðstefnuhald (annað en en undirbúning) samkvæmt reikningum eða sannanlega greiddur af samstarfs- eða styrktaraðilum.
    - Styrkur er veittur fyrir **helmingnum af ofangreindum kostnaði**, þó er hámarksstyrkur 125.000 fyrir innlenda ráðstefnu, en 300.000 fyrir alþjóðlega ráðstefnu. Þóknun til fyrirlesara er undanskilin í útreikningi á ráðstefnukostnaði.
  - Styrkirnir ná einnig til ráðstefna sem eru fullfjármagnaðar með öðrum styrkjum en þá er tekið mið af aðstoð Hugvísindastofnunar. Hafi hún verið umtalsverð er styrkur lækkaður um allt að helming.
  - Hægt er að sækja um styrk allt að ári fyrir ráðstefnu eða í næstu úthlutun eftir að hún var haldin.
- Þeir sem halda ráðstefnur eru hvattir til að sækjast eftir öðrum styrkjum til ráðstefnuhaldsins.

### 2. Styrkir til ýmissa viðburða sem ekki uppfylla skilyrði í 1. lið

*Stofnanir og stofur geta sótt um þessa styrki, einnig greinar og deildir en þær eru hvattar til að vera í samstarfi við stofnanir.*

Viðmiðunarreglur:

- Skilyrði er að umsækjandi standi að viðburðinum, einn eða með öðrum. Ekki er nóg að umsækjandi teljist til styrktaraðila.

2. Í kynningum viðburðarins skal koma fram að Hugvísindasvið eða stofnun/stofa/deild/grein innan Hugvísindasviðs haldi hann (hvort sem er eitt/ein eða í samvinnu við aðra).
3. Sjóðurinn veitir styrki: A) til viðburða sem ekki fela í sér erindi fastra starfsmanna sviðsins, t.d. fyrirlestraraða, nemendapínga á vegum námsgreina og menningarhátíða; B) til styttri viðburða, t.d. málþinga sem eru styttri en 2,5 stundir; C) til fundahalda hér á landi með erlendu samstarfsfólki í rannsóknarverkefnum eða samstarfsnetum.
4. Hver styrkur er allt að 50.000 kr.
5. Sækja má um styrkinn allt að ári fyrir viðburðinn. Styrkurinn fellur niður hálfu ári eftir viðburðinn hafi hann ekki verið innheimtur.

### 3. Styrkir vegna erlendra boðsgesta

*Einungis stofnanir geta sótt um þessa styrki.*

Viðmiðunarreglur:

1. Sjóðurinn veitir stofnunum fjárstuðning til að taka á móti viðurkenndum fræðimönnum sem starfa erlendis.
2. Skilyrði er að gesturinn haldi erindi sem auglýst er opinberlega (a.m.k. á póstlistum/vefsíðum innan Háskóla Íslands) og taki þátt í auglýstu seminari með framhaldsnemum (einkum doktorsefnum).
3. Styrkur sjóðsins er 125.000 kr. að hámarki.
4. Sækja má um styrkinn með allt að árs fyrirvara. Hann fellur niður hálfu ári eftir heimsóknina hafi hann ekki verið innheimtur.

### 4. Styrkir til útgáfu á vegum stofnana

*Einungis stofnanir geta sótt um þessa styrki. Umsóknir skulu berast frá forstöðumanni, stjórnarformanni eða verkefnisstjóra í umboði þeirra. Umsóknir skulu berast í desember fyrir þær bækur sem hafa komið út það ár.*

Viðmiðunarreglur:

1. Hver stofnun getur fengið tvo styrki á ári vegna bóka/tímarita sem hafa komið út það ár.
2. Ófrávíkjanlegt skilyrði er að bók komi úr prentun eða birtist á vef fyrir lok styrkarsins.
3. Styrkur sjóðsins fyrir hvora bók nemur að hámarki fastagjaldi Háskólaútgáfunnar.
4. Stofnuninni er heimilt að ráðstafa styrknum til annarra bóka en þeirra sem sótt var um til.
5. Mikilvægt er að stofnanir sækji eftir sem áður um styrki til Bókmenntasjóðs, kennslumálasjóðs eða annarra viðeigandi sjóða.

### 5. Styrkir upp í kostnað við þýðingu eða til málfarslegrar aðstoðar vegna birtingar vísindagreina

*Einstaklingar (akademískir starfsmenn) geta sótt um þessa styrki.*

Viðmiðunarreglur:

1. Greinin er ætluð til birtingar í ritrýndu tímariti (þ.e. greinin verði metin til 10, 15 eða 20 stiga í stigakerfi HÍ).
2. Hver starfsmaður getur aðeins fengið einn slíkan styrk á fimm ára fresti.
3. Hver styrkur er að hámarki kr. 50.000. Sýna þarf fram á kostnað við aðkeypta aðstoð.
4. Styrkur fellur niður ári eftir úthlutun hafi hann ekki verið innheimtur.

*Samþykktar á fundi stjórnar Hugvísindastofnunar 13. apríl 2018.*